

Fundargerð 75. fundar Hafnarstjórnar

Hafnarstjórn hélt fund miðvikudaginn 24. júní 2015 kl. 16:00 í fundarsal bæjarstjórnar.

Mætt voru undirrituð: Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Fundurinn hófst á því að hafnarstjóri bauð fundarmönnum upp á ís í nýja Ískofanum sem er staðsettur á hafnarsvæðinu. Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Umsókn um stöðuleyfi fyrir gám á Stykkishólmsbryggju sem Lúðvík Börkur Jónsson undirritar fyrir hönd Royal Iceland.

1.1 Hafnarstjóri kynnti málið fyrir fundarmönnum og umræður urðu um málið. Allir tóku til máls. Hafnarstjórn hafnar erindinu og telur ekki fært að veita leyfi fyrir gámum við hafnarkantana.

2. Önnur mál.

2.1 Hafnarstjórn beinir því til hafnarstjóra að leita upplýsinga um heimildir til þess að leggja gjöld á „óreiðuskip“ þ.e.a.s skip sem eru án haffærissskírteinis.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 16:40

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir (sign)

Sturla Böðvarsson (sign)

Hrefna Frímansdóttir (sign)

Hrannar Pétursson (sign)

Guðmundur Kolbeinn Björnsson (sign)

Páll Guðmundsson (sign)

Atli Rúnar Sigurþórsson (sign)